



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

25. október 2017

Tilvísun: 2017100036

Efni: Kynning á viðmiðunarreglum EBA vegna upplýsingaskyldu (Pillar III) og breyttri framkvæmd vegna viðmiðunarreglna.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út nokkurn fjölda viðmiðunarreglna (e. *guidelines*) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja og tengjast CRD IV regluverkinu, m.a. viðmiðunarreglur um upplýsingaskyldu (Pillar III). Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi með setningu laga nr. 57/2015 og laga nr. 96/2016, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, svo og setningu reglugerðar nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnunum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA vegna upplýsingaskyldu (Pillar III), auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP), auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna.

Viðmiðunarreglur EBA vegna upplýsingaskyldu (Pillar III) byggja á ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða svonefndri CRR reglugerð, sem tók gildi hér á landi með setningu reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.


Þann 7. nóvember nk. kl. 9.00 fer fram kynning á þeim viðmiðunarreglum EBA sem varða upplýsingaskyldu (Pillar III). Jafnframt verður stuttlega fjallað um þá tæknilegu staðla sem gilda um efnið og öðluðust gildi með setningu reglna nr. 506/2017. Kynningin fer fram í húsnáttunum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð, og varðar m.a.:


- Viðmiðunarreglur EBA um gagnsæiskröfur vegna VIII. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sjá: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/transparency-and-pillar-3/guidelines-on-disclosure-requirements-under-part-eight-of-regulation-eu->.
- Viðmiðunarreglur EBA um tíðni upplýsingagjafar og mat á undanþágum frá gagnsæiskröfum vegna mikilvægis, viðskiptaleyndar og trúnaðarupplýsinga, sjá: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/transparency-and-pillar-3/guidelines-on-materiality-proprietary-and-confidentiality-and-on-disclosure-frequency>.
- Viðmiðunarreglur EBA um birtingu upplýsinga um kvaðabundnar og kvaðalausar eignir, sjá: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/transparency-and-pillar-3/guidelines-on-disclosure-of-encumbered-and-unencumbered-assets>.

Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme(a)fme.is, með efninu: „Viðmiðunarreglur EBA vegna upplýsingaskyldu (Pillar III)“.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Sigurður Freyr Jónatansson


Hjálmar S. Brynjólfsson